

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2015 - 2016

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með samningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 28 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ritari
Ársæll Baldursson, gjaldkeri
Helga Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Helgi Þór Jónasson, Hjálmar Kjartansson og Sigríður Svavarsdóttir.
Skoðunarmenn reikninga eru: Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

2. Starfsemin

Á starfsárinu voru haldnir 21 **stjórnarfundir**. Þar var fjallað um réttinda- og kjaramál og önnur hagsmunamál félagsmanna. Einnig voru haldnir fjölmargir fundir kjarasamninganefnda félagsins og viðsemjenda. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum nefndum á vegum BHM, undirbúningsfundum vegna kjaramála, kynningarfundum um lífeyrismál, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði við háskólana fjóra. Formaður félagsins sat einnig fundi formannaráðs BHM ásamt því að taka sæti í stjórn BHM frá áramótum til aðalfundar BHM á árinu 2015. Að auki var haldinn fundur með forsvarsmönnum Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga þar sem skipst var á skoðunum um mögulegt samstarf aðila.

Árið 2015 er þriðja heila starfsár þjónustuskrifstofu KVH í sjálfstæðum rekstri síðan félagið hætti sameiginlegum rekstri með nokkrum öðrum aðildarfélögum BHM. Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri, og sinna þeir fjölmörgum verkefnum fyrir félagsmenn í viku hverri, sum lúta að **kjaramálum**, önnur að **réttindamálum**. Ávallt er nokkuð um að félagsmenn leiti aðstoðar vegna mála er varða ráðningar, launakjör, áminningar, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda, s.s. myglusvepps á vinnustað, en þess eru því miður dæmi að félagsmenn hafi hrökklast úr starfi vegna slíkra veikinda og án skaðabóta vegna heilsutjóns. Þá hafa starfsmenn KVH

fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál. Í einstaka tilfellum hefur félagið leitað fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Húsnæðismál BHM voru talsvert til umfjöllunar á árinu og voru teknar ákvarðanir um breytingar á húsnæði bandalagsins til að koma fleiri skrifstofum fyrir á 3. hæð Borgartúns 6 og mæta þar með kröfum aðildarfélaga um aukið rými fyrir starfseminu. KVH tók á leigu eitt skrifstofuherbergi til viðbótar við það sem félagið á fyrir. Þá stóð húsfélag Borgartúns 6 fyrir umfangsmiklum lagfæringum á húsnæðinu utanhúss.

KVH auglýsti starfsemi sína í Viðskiptablaðinu, námsmannablöðum og víðar, og stefnir að frekari markaðssetningu, enda markmiðið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagi hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Ánægjulegt er að grunnstoðir félagsins eru í dag nægilega sterkar til að bera tvo starfsmenn og tvö skrifstofurými. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

3. Félagsmenn og kynningar

Félagið tók þátt í **kjarakönnun BHM** í mars/apríl 2015 en hún náði til þeirra félagsmanna sem voru við störf í nóvember 2014. Þátttaka félagsmanna KVH var allgóð en svör bárust frá 599 félagsmönnum og var svarhlutfall um 56%, en heildarþátttaka BHM félaga var tæplega 50%. Í ljós kom m.a. að meðal mánaðartekjur KVH félaga voru um 659 þús kr. á árinu 2014, en til samanburðar voru meðal mánaðartekjur BHM fólks um 584 þús kr. (Hér er átt við heildarlaun en ekki dagvinnulaun á mánuði). Þessi meðaltöl hafa að sjálfsgöðu hækkað fyrir árið 2015, þar sem kjarasamningar voru gerðir það ár við flesta viðsemjendur.

Ef litið er til meðal heildarlauna félagsmanna KVH hjá ríkinu á 3ja ársfjórðungi 2015 að meðtalinni 10,2% launahækkun vegna afturvirks kjarasamnings KVH við ríkið sem undirritaður var 10.nóv. 2015, þá hafa meðal mánaðarlaun félagsmanna hjá ríkinu verið á þeim tíma um 745 þús kr. Heildarlaun félagsmanna hjá sveitarfélögum voru ívið lægri að meðaltali, en laun félagsmanna á almennum markaði eru að jafnaði nokkru hærrí.


Kjarakönnun BHM vegna ársins 2015 er nú nýfarin í loftið og má vænta niðurstaðna hennar síðar á þessu ári.

Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert, einkum síðastliðin þrjú ár. Langmest er aukningin vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við október mánuð 2015, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, þá voru greiðandi félagsmenn KVH alls **1.218**, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.099. Þegar allir félagsmenn eru meðtaldir, þ.á.m. þeir sem hafa námsmannaaðild, voru félagsmenn **1.363** í október 2015.

Ef teknir eru með þeir félagsmenn sem bæst hafa við síðustu tæpa 4 mánuði, þ.e. greiðandi og einnig þeir sem hafa námsmannaaðild, má leiða líkum að því að félagsmenn séu nú komnir vel yfir **1.400**.

Ef rétt er haldið á spilunum, er engin ástæða til annars en ætla að þessi þróun muni halda áfram og þá sérstaklega með áframhaldandi markaðssetningu og kynningum til námsmanna í öllum háskólum landsins.

AUKNING GREIÐANDI FÉLAGSMANNA KVH FRÁ OKTÓBER 2009 TIL MARS 2015




Hlutfall kynja félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um **58%** félagsmanna en karlar 42%. **Meðalaldur** greiðandi félagsmanna er nú **44 ár**.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2015 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: **46%** starfa á almenna vinnumarkaðinum, **40%** starfa á ríkisstofnunum, rúmlega **7%** vinna hjá sveitarfélögum og rúmlega **4%** starfa hjá Reykjavíkurborg, en atvinnuleitendur eru um **2%**.

Greiðandi félagsmenn KVH október 2015

Fjöldi: 1218



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH meðal annars horft til háskólanema. Á starfsárinu voru haldnar kynningar/vísindaferðir fyrir viðskipta- og hagfræðinema við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Það er orðinn árlegur viðburður að taka á móti háskólanemum og fræða þá um starfsemi félagsins og BHM. Á þessum kynningum er námsmannaaðild félagsins kynnt sérstaklega. Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélks í samvinnu við BHM, síðast nú í febrúar 2016 í Háskólanum í Reykjavík.

Áframhaldandi **samstarf við nemendafélög** háskólanna hefur skilað auknum árangri, með fjölgun nýrra félagsmanna með námsmannaaðild. Gerðir voru sérstakir samstarfssamningar við sex nemendafélög. Hægt er að fullyrða að hjá háskólanemum sé vaxtabroddur félagsins og á komandi árum vonast KVH til að sjá stóran hluta þessara nemenda ganga til liðs við félagið.

4. Kjaramál og samningar

Árið 2015 var mikið **kjarasamningarár**. Stjórn og samninganefnd KVH gekk frá endurnýjun kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Ríkisútvarpið og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Samningar þessir voru flestir lausir frá 1.mars 2015 og ýmist gerðir til ársloka 2018 eða til loka mars 2019. Samningar við opinberu aðilana voru gerðir með hliðsjón af Samkomulagi um samræmda launastefnu alls vinnumarkaðarins til ársloka 2018 (*SALEK samkomulagið*). Kjaraviðræðum við Samband ísl. sveitarfélaga er ólukið þegar þetta er skrifað, en væntanlega á síðustu metrunum. Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins er hins vegar ótímabundinn og bíður það sameiginlega verkefni margra aðildarfélaga BHM að endurnýja hann.

Á starfsárinu var lítið hægt að hreyfa við **stofnanasamningum** ríkisstofnana, þar sem kjarasamningar stóðu yfir. Það verkefni bíður næstu mánaða. Í nýrri bókun með kjarasamningi KVH og ríkisins er ákvæði um að ganga frá stöðluðu formi stofnanasamnings aðila, sem hægt verði að taka mið af í þeim tilvikum sem mjög fáir félagsmenn starfi á stofnun, en þá verði heimilt að semja um ráðningarkjör án sérstaks stofnanasamnings.

5. Þróun launa og kaupmáttar

Erfitt er að bera saman launaþróun einstakra hópa á vinnumarkaði á árinu 2015, bæði vegna þess að nýir kjarasamningar voru gerðir á árinu og tóku gildi á mismunandi tíma og gögn því illa sambærileg. Það sem máli skiptir er hins vegar að niðurstaðan varð sú, eftir verkföll tiltekinna stéttarfélaga (innan og utan BHM), dómsmál og Gerðardóm, að samkomulag varð milli flestra stærstu aðila á vinnumarkaði, með aðkomu ríkisstjórnar, um **samræmda launastefnu til ársloka 2018**. Hún felur í sér, í sem stystu máli, viðmið um sameiginlega kostnaðarvísitölu sem miðast við nóvember 2013 (=100) og hækki eigi umfram 32 stig miðað við árslok 2018. BHM og KÍ voru ekki aðilar að þessu samkomulagi, einkum vegna ágreinings um lífeyrismál, en viðsemjendur skuldbundu sig hins vegar til að semja innan þessa svigrúms.

Markmiðið með þessari samræmdu launastefnu er einkum það að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði, lága verðbólgu, lágt vaxtastig og aukinn kaupmátt á tímabilinu. Þá ræða aðilar vinnumarkaðarins, þar með talið BHM, áfram um með hvaða hætti megi þróa **nýtt íslenskt kjarasamningalíkan** í átt til þess sem er á hinum Norðurlöndunum, jafnframt

Því sem aðilar reyna að ná sátt um breytingar á **lífeyriskerfinu** til framtíðar. Hvoru tveggja eru býsna flókin viðfangsefni, en ákaflega mikilvæg.

Verðbólga mælist um 2,2% á ársgrundvelli um þessar mundir og er undir verðbólguþröngu Seðlabanka. Hún hefur haldist undir 2,5% síðast liðin tvö ár. Þannig virðist ljóst að **kaupmáttur** mun halda áfram að vaxa að óbreyttu og er það mikið ánægjuefni.

6. Atvinnuástand

Atvinnuástand hefur batnað jafnt og þétt undanfarin ár. Skráð atvinnuleysi í janúar sl. var aðeins 2,9% en þá voru að meðaltali 4.857 atvinnulausir (þar af var 20% þess hóps erlendir ríkisborgarar). Um 25% atvinnuleitenda voru með háskólanám að baki. Þetta hlutfall hefur aukist undanfarin ár, samhliða fjölgun þeirra sem ljúka háskólanámi.

Fjöldi viðskiptafræðinga sem eru skráðir **atvinnuleitendur** og greiða jafnframt félagsgjald til KVH var nú í febrúar s.l. 20 talsins og hefur sú tala haldist svipuð um langt skeið. Alls voru á sama tíma 246 viðskiptafræðingar, hagfræðingar, markaðs- og rekstrarfræðingar á atvinnuleysisráðgjafi skv. tölum Vinnuástandstofnunar. KVH greiðir framlag í sameiginlega sjóði BHM fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið atvinnuleitendur og greiða sjálfir félagsgjöld.

BHM hefur margsinnis brýnt fyrir stjórnvöldum mikilvægi þess að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi þar sem lögð er áhersla á menntað vinnuafli er stuðli að verðmætaaukningu og gefi af sér verðmæt störf.

7. Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2016-2017

Á starfsárinu 2016-2017 er fyrir séð að vinna þarf að endurnýjun kjarasamnings við **Samtök atvinnulífsins** og jafnvel nýrra aðila á almenna vinnumarkaðinum. Þá mun halda áfram mjög mikilvæg vinna og umræður innan BHM um **nýtt kjarasamningsumhverfi að norrænni fyrirmynd**, en áður nefndur Salek-hópur (Salek: *Samstarf um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga*) hefur fjallað um það undanfarið.

Þá á sér stað mikilvæg en flókin umræða þessar vikurnar um breytingar á framtíðarskipan **lífeyrismála**, sem skiptir félagsmenn KVH miklu máli, bæði þá sem starfa á opinberum og almennum markaði. Markmiðið er að samræma og jafna lífeyrisréttindi á almennum og opinberum markaði, og gera lífeyrissjóðum kleift að standa undir 76% af meðalævitekjum miðað við 40 ára iðgjaldagreiðslur. Á þessu eru margir fletir og mörg ljón í veginum, en hér ekki tími til að ræða þessi mikilvægu mál sérstaklega.

Aukin samskipti og **þjónusta við félagsmenn á almennum vinnumarkaði** verður eitt af áhersluatriðum komandi starfsárs, en þar er stærstur hópur okkar félagsmanna, eins og áður hefur komið fram. Samhliða því bíður talsverð vinna við endurnýjun **stofnanasamninga** á hinum fjölmörgu ríkisstofnunum.

Nauðsynlegt er að byggja upp trúnaðarmannakerfi félagsins og ná betur til félagsmanna á vinnustöðum þar sem þeir starfa. Öflugt trúnaðarmannakerfi er mikilvægt fyrir starfsemi félagsins og mun styrkja það á margvíslegan hátt.

KVH mun áfram standa fyrir námskeiðum fyrir hina fjölmörgu háskólanema sem eiga námsmannaaðild að KVH. Á þessum námskeiðum munu háskólanemar m.a. fá leiðsögn um starfsumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarsamninga. Er þetta einn liður í

samstarfssamningi KVH við nemendafélög háskólanna. Til skoðunar er að halda eitt slíkt námskeið á Akureyri, fyrir félagsmenn þar.

8. Lokaorð

Að baki er viðburðaríkt kjarasamningaár. KVH mótaði sér sérstöðu innan BHM í samningadeilum við ríkið og ákvað að draga sig út úr sameiginlegum viðræðum og efna ekki til verkfalls, við þær aðstæður sem voru uppi síðasta vor. Við gerðum viðkomandi félagsmönnum grein fyrir þeim fjölmörgu málefnalegu ástæðum sem þar lágu að baki. Það reyndist að mati stjórnar KVH vera hárrétt ákvörðun. Eftir langar og strangar samningaviðræður við ríkið náði félagið þeim samningsmarkmiðum sem að var stefnt og voru samningarnir samþykktir með 96% atkvæða. Sömuleiðis voru kjarasamningar við Reykjavíkurborg, Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik, Ríkisútvarpið og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Eins og áður segir bíða mörg mikilvæg verkefni handan við hornið, þar á meðal samningar við Samtök atvinnulífsins, viðræður um nýtt kjarasamningsmódel fyrir allan vinnumarkaðinn, viðræður um samræmt nýtt lífeyriskerfi, aukin þjónusta við félagsmenn og margt fleira.

Ný stjórn KVH og starfsmenn félagsins hafa því af nógu að taka og þurfa ekki að óttast verkefnaskort, þótt nokkur friður verði á vinnumarkaði fram á byrjun árs 2019.

Reykjavík, 18. mars 2016

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson formaður